

GUÐMUNDA KRISTINSDÓTTIR, SIGRÚN JÓHANNESDÓTTIR

STARFSTENGT VERSLUNARFAGNÁM REYNSLA AF TILRAUNANÁMI

Í fyrsta tölublaði Gáttar frá árinu 2004 var sagt frá viðamiklu verkefni sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tók að sér við þarfagreiningu og hönnun náms fyrir almenna starfsmenn í verslun. Í greininni var verkefnið reifað og skýrt frá því að farið yrði af stað með tilraunahóp og að staðan yrði endurmetin að tilraunaverkefninu loknu. Nú er því tímabili lokið og hér er velt vöngum yfir því hvernig til tókst og skoðaðar þær spurningar sem varpað var fram í fyrrnefndri grein. Tilraunin þykir hafa tekist vel og er nú búið að gefa út endurskoðaða námsskrá sem er til afnota fyrir þá fræðsluáðila sem eru samstarfsaðilar Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.



Myndin sýnir útskriftarnemendur í verslunarfagnámi frá VÍ vorið 2006 ásamt Sólva Sveinssyni skólastjóra (t.v.) og Hildi Friðriksdóttir verkefnastjóra fullorðinsfræðslu (t.h.).
Ljósmyndari: Jóhannes Long

LOK TILRAUNAVERKEFNIS

Fyrsti hópur verslunarfagmanna hefur lokið verslunarfagnámi samkvæmt tilraunanámsskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Þriggja ára ferli við undirbúning, hönnun og framkvæmd tilraunaverkefnis er á enda með því að tilraunanámsskráin hefur verið endurskoðuð og ný námsskrá gefin út.

Aðdraganda og undirbúningi verkefnisins var lýst í fyrsta tölublaði Gáttar frá 2004 (Guðmunda Kristinsdóttir, 2004) en í stuttu máli var aðdragandinn sá að beiðni barst frá Samtökum verslunar og þjónustu um að Fræðslumiðstöðin tæki að sér það verkefni að:

- greina þarfir fyrir verslunarfagnám sem væri ætlað starfandi fólki í verslunum,
- skrifa í framhaldi af því námsskrá sem metin yrði til eininga á framhaldsskólastigi.

Í kjölfar þarfagreiningar var hannað starfstengt nám sem samanstóð af einni stuttri undirbúningslotu og þremur aðalottum og stóðu þær yfir í 13 vikur hver. Vegna ýmissa nýmæla og óhefðbundinna leiða var ákveðið að einn hópur tæki þátt í tilraunanámi samkvæmt námsskránni áður en hún yrði formlega gefin út. Stóð tilraunanámið yfir frá janúar 2005 til maí 2006 og fór fram bæði í skóla og á vinnustað þátttakenda. Framkvæmdaðilar voru Verzlunarskóli Íslands og nokkrar verslanir á höfuðborgarsvæðinu.

Í grein um verslunarfagnámið í Gátt frá 2004 var varpað fram nokkrum spurningum sem tilraunátímabilinu var að einhverju leyti ætlað að svara. Spurt var:

- Hvar á starfsfræðsla fyrir fullorðna einstaklinga, sem eru þátttakendur í atvinnulífinu, best heima?
- Hvernig verður námið fjármagnað til frambúðar?
- Hvernig á að sinna landsbyggðinni svo vel fari?
- Uppfyllir námið þarfir vinnuveitenda og starfsmanna?
- Er þessi metnaðarfulla og að mörgu leyti nýstárlega leið raunhæf og fjárhagslega möguleg?

Hér er stórt spurt og mun tíminn þurfa að gefa okkur endanlegu svörin en hér verður velt vöngum yfir því hvernig til tókst og m.a. leitað svara við ofangreindum spurningum.



NIÐURSTAÐA TILRAUNAR

Það er mikið og vandasamt verk að fara með hóp af fólki í gegnum nýtt og að mörgu leyti óhefðbundið námsferli í fyrsta sinn. Námskráin ásamt hjálpartækjum í formi gátlista vísaði veginn en praktískar úrlausnir á ýmsum framkvæmdaatriðum voru á hendi og ábyrgð framkvæmdaáðila.

Sá hópur, sem fór í gegnum tilraunanámið, er fjölbreytilegur og með mjög mismunandi þarfir og áherslur. Allir aðilar, sem að því komu, þurftu að leggja mikið á sig til að framfylgja námskránni. Sameiginlegt með nemendum var að flestir höfðu ekki verið í skóla um hríð, þeir voru í fullu starfi í verslunum með náminu og auk þess með aðrar þær skyldur sem hvíla á fullorðnu fólki. Kennarar þurftu að aðlagast nýjum starfsháttum og viðmiðum. Starfsþjálfar í verslununum, sem gegna mikilvægu hlutverki við að aðstoða við vinnustaðanámið, voru flestir að sinna því hlutverki í fyrsta sinn og átta sig á því í hverju það fælist. Vinnuveitendur þurftu að gefa starfsmönnum svigrúm og meta langtímaávinning af náminu.

Okkar mat í FA er að þessi tilraun hafi gengið mjög vel. Fjórtán starfsmenn af þeim níttján sem hófu námið luku því vorið 2006 og fleiri úr þeim hópi munu ljúka því á næstu misserum. Lokaverkefni nemenda endurspegluðu á margvíslegan hátt að meginmarkmiðin með náminu náðust. Margvíslegar vísbendingar bárust um ánægju vinnuveitenda með góðan og áþreifanlegan árangur og gagnsemi fyrir vinnustaðinn.

Við upphaf verkefnisins var fjármögnun óviss en á Íslandi er fjármögnun fullorðinsfræðslu með þeim hætti að hún er ýmist greidd af einstaklingum sjálfum, vinnuveitendum þeirra eða fræðslusjóðum stéttarfélaganna. Með framlögum úr ríkissjóði til fullorðins- og starfsmenntamála sem kom til vegna samkomulags aðila vinnumarkaðarins í tengslum við framlengingu kjarasamninga í nóvember 2005 og í júní 2006 (www.forsaetisraduneyti.is/frettir), hafa opnast möguleikar fyrir samstarfsaðila Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins til fjármögnunar námstilboða eins og verslunarfagnámsins. Með því er símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni gert auðveldara fyrir en þó

vantar aðrar lausnir fyrir minni byggðarlögin og þá kemur fjarkennsla, skipulagning kennslu í styttri einingum og/eða samvinna fræðsluaðila til greina.

ENDURSKOÐUN NÁMSKRÁR

Við endurskoðun námskrár voru ekki gerðar miklar breytingar. Eftir gagngera yfirferð og greiningu á öllum athugasemdum, sem safnað var saman, voru sterkar vísbendingar um það að námskráin hefði þjónað þeim tilgangi sem henni var í upphafi ætlað. Að sjálfsögðu voru ýmsir hnökrar sem þurftu að lagfæra, sumt af því átti við um námskrá en annað um framkvæmd námsins. Það er eðlilegt því allar breytingar, sem krefjast breyttra vinnubragða og hugsunar hjá svo stórum og fjölbreyttum hópi fólks eins og um er að ræða í þessu dæmi, krefjast þolinmæði, þrautseigju og sveigjanleika í framkvæmd.

Verslunarfagnámið uppfyllir flest þau skilyrði gæðanáms í fullorðinsfræðslu að svara mismunandi þörfum fullorðinna fyrir menntun þannig að hámarksárangur og notagildi sé tryggt. Áhrif þess á verslun, að hafa fagfólk að störfum, verða þó ekki metin nema á löngu tímabili. Þeir sem að þessu námi standa hafa sýnt skilning og þolinmæði við undirbúning námsins og því er von til þess að verslunarfagnámið verði eftirsótt nám þegar fram í sækir og víðtækari reynsla er komin á framkvæmdina.

Margar leiðir eru færar við útfærslu námsins og við endurskoðun námskrár var lögð megináhersla á að breyta orðalagi í þá veru að auka sveigjanleikann í framkvæmdinni þannig að hægt sé að aðlaga hana aðstæðum á hverjum stað svo lengi sem markmiðum er náð.

Endurskoðuð námskrá fyrir verslunarfagnám hefur nú verið gefin út og verður aðgengileg þeim fullorðinsfræðsluáðilum sem lúta samingsskilmálum FA. Nú þegar hefur Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, SÍMEY, boðið upp á þetta nám og hófst það í október 2006.



HEIMILDIR

Guðmunda Kristinsdóttir (2004). *Starfstengt Verslunarfagnám*. Gátt bls 75-81.

Vefur forsætisráðneytisins. *Yfirlýsing frá 15. nóvember 2005*. Sótt 22. september 2006 af: <http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/Frettaundirsidur/nr/2008>

Vefur forsætisráðneytisins. *Yfirlýsing frá 22. júní 2006*. Sótt 22. september 2006 af: <http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/2320>

UM HÖFUNDANA

Guðmunda Kristinsdóttir er sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins þar sem hún sinnir m.a. greiningu fræðsluþarfa í atvinnulífinu. Hún stundaði nám í sálfræði við Háskóla Íslands og lauk diplómanámi í kerfisfræði í Óðinsvéum. Guðmunda starfaði um árabil við fullorðinsfræðslu innan menntakerfis rafiðnaðarmanna, bæði sem leiðbeinandi og kennslustjóri.

Sigrún starfar nú sem sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Þar sér hún m.a. um kennslufræðinámskeið fyrir leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu. Einnig er hún stundakennari við Listaháskóla Íslands.

Hún hefur Phil.Cand.-menntun í uppeldis- og sálarfræði frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð, M.S.-próf í menntunarhönnun

og -stjórnun og kennslutækni frá National University í Kaliforníu og framhaldsmenntun í fullorðinsfræðslu frá Háskólanum í Linköping í Svíþjóð. Sigrún hefur einnig viðtæka reynslu af fræðslustarfi, menntunarstjórnun og starfsþróunarmálum.

ABSTRACT

In the first edition of Gátt, 2004, there was coverage on an extensive project taken on by the Education and Training Service Centre, which was needs analysis and course design for general shop workers. The article covered the main aspects of the project and explained how implementation would begin with an experimental group, with subsequent evaluation and reassessment at the end of the trial period. That period has now ended and in the article the results are considered in the light of the questions asked in the introductory article referred to above. The experimental phase is considered to have been successful and a revised curriculum has been published for use by those training actors that collaborate with the Education and Training Service Centre.